

Minnisblað, 02 febrúar 2017

Til: Haraldar L Haraldssonar

Afrit: Rósa Steingrímsdóttir, Andri Berg Haraldsson, Sigurður Barði Jóhannesson

Frá: Guðmundur Sverrisson

Dags.: 02.02.2017

Málsnúmer: 1701385

Efni: Opið bókhald

Í samræmi við tillögu bæjarráðs frá 26 janúar um að opna fjárhagsbókhald Hafnarfjarðarkaupstaðar fól bærarstjóri undirrituðum að skoða þá möguleika sem eru í stöðunni. Í starfshópinum er eftirfarandi: Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri, Guðmundur Sverrisson, rekstrarstjóri, Andri Berg Haraldsson, aðalbókari og Sigurður Barði Jóhannsson, Yfirmaður tölvudeildar.

Hópurinn hefur fengið kynningu á opnu bókhaldi hjá Reykjavíkurborg á fundi með fulltrúum þeirra og kynnt sér verkefnið hjá Kópavogsbæ. Í framhaldi af fundi með Reykjavíkurborg var óskað eftir fundi með Capacent þar sem þeir eru til ráðgjafar um það verkefni. Á þeim fundi var farið yfir verkefni Reykjavíkurborgar sem er leyst í Qlik View greiningartóli og annarri lausn þar sem notast er við Power BI frá Microsoft. Það er okkar álit að ganga eigi til samninga við Capacent í meðfylgjandi verkefnistillögu dagsetta 1. febrúar 2017.

Guðmundur Sverrisson, 02.02.2017